

**Ed.**

**466. Frumvarp til laga**

**[169. mál]**

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfraeði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenska ríkisborgara, 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru látnir í kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.